

FÉLAGS- OG SKÓLAÞJÓNUSTA
Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

FUNDARGERÐ 46. FUNDAR

46. fundur í stjórn Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, haldinn þriðjudaginn 25. ágúst 2020, klukkan 13:00, í fjarfundakerfi Teams

Mættir:

Lilja Einarsdóttir, Brynja J. Jónasdóttir, Þorbjörg Gísladóttir, Haraldur Eiríksson, Þorsteinn M. Kristinsson, Þórunn Jóna Hauksdóttir og Svava Davíðsdóttir.

Þorsteinn M. Kristinsson ritar fundargerð

Dagskrá:

1. Greiðsla á sérstöku iðgaldi: Athugasemdir við ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Lagt fram bréf sem sent var af formanni f.h. stjórnar Skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur -Skaftafellssýslu til fjármála- og efnahagsráðuneytis, dagsett 3. júlí 2020. Efni bréfsins varðar athugasemdir við ákvörðun ráðuneytisins um greiðslu sérstaks iðgjalds af hálfu skólaþjónustunnar. Bréfið staðfest af stjórn.

Málefni skólaþjónustu.

1. Greiðsla á sérstöku iðgjaldi: Niðurstaða Fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Lagt fram bréf Fjármála- og efnahagsráðuneytis um endurskoðað mat ráðuneytisins um að Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu falli undir þá skilgreiningu sem kemur fram í 1. másl. 8. mgr. ákvæðis til bráðabirgða IX í lögum nr. 1/1997 að vera einkanlega fjármagnaðir með skatttekjum, lögbundnum þjónustutekjum eða framlögum. Samkvæmt því ber skólaþjónustunni ekki að greiða ríkissjóði til baka, frá áramótum 2019/2020, þann hluta af framlagi því sem ríkissjóður greiðir skv. 1. mgr ákvæðis til bráðabirgða IX í fyrrgreindum lögum. Jafnframt er viðurkenndur réttur skólaþjónustunnar til endurgreiðslu á þeim greiðslum sem hún hefur innt af hendi í því skyni að tryggja réttindi starfsmanna sinna vegna ákvörðunar ráðuneytisins frá 17. apríl s.l.

Stjórn stafestir móttöku bréfsins.

2. Greining vegna starfs, náms og starfsráðgjafa.

Greining var send stjórnarmönnum 14. maí 2020. Stjórn gerir ekki athugasemd við greininguna.

3. Yfirfærsla á rekstrar- og launabókhalði. Staðan.

Þórunn Jóna fer yfir stöðu á yfirfærslu á rekstrar- og launabókhalði.

4. Straumlínustjórnun á starfsemi upplýsing.

Þórunn Jóna fer yfir endurbætta verkferla sem unnir eru í samráði við skólastjórnendur. Markmiðið að auka skilvirkni í þjónustu og gæta að hag og vellíðan nemenda.

Þórunn Jóna kynnir einnig tvo nýja starfsmenn skólaþjónustunnar. Starfsmennirnir eru Yngvi Karl Jónsson, ráðgjafi, og Laufey Ósk Christensen, kennsluráðgjafi. Stjórnin býður þá velkomna til starfa.

Málefni félagsþjónustu.

1. Kynning vegna ráðningu starfsmanns hjá félagsþjónustu.

Svava, forstöðumaður félagsþjónustu, fer yfir stöðu ráðningamála í afleysingastöður í barnavernd.

Til kynningar.

1. Samþykktir Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu bs.

Lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:02.

Lilja Einardóttir

Brynja J. Jónasdóttir

Þorbjörg Gísladóttir

Haraldur Eiríksson

Þorsteinn M. Kristinsson

Þórunn Jóna Hauksdóttir

Svava Davíðsdóttir